LISTAP INN

Helgi Gíslason og Sigurður Örlygsson opna sýningar í nágrenni hvor við annan á Kjarvalsstöðum, samsvörun í verkunum...

Tengsl fyrir tilviljun

Helgi Gíslason og Sigurður Örlygsson vilja taka það fram áður en lengra er haldið að þeir eru ekki að opna samsýningu. Þeir sýni að vísu saman, það er að segja hlið við hlið, en samstarf af nokkru tagi hafi aldrei flökrað að þeim þegar þeir voru að vinna verkin — sitt í hvoru lagi — fyrir sýningarnar, sem þeir opna á laugardag, saman.

Þau þrettán verk sem Helgi sýnir núna, vann hann austur á *Sveaborg* í sumar, og vissi þá sem var að þau setti hann upp á ganginum við vestursal *Kjarvalsstaða* í nóvember. Sama sumar sat Sigurður Örlygsson inni á *Laugavegi* og blandaði tækni í fimmtán myndir fyrir þennan vestursal. Hvorugur vissi þá, hvaða listamaður sýndi við hlið þeirra á sama tíma við *Klambratún*.

Þeir áttuðu sig á því fyrir tveimur vikum og jafnframt því að verkin sem þeir höfðu verið að vinna sitt í hvoru lagi voru tengd að vissu marki. Helgi hjó í rekavið og virki sem hann hafði af skógarhöggsköllum í *Finnlandi*. Og Sigurður blandaði áþekkum hlutum í sínar olíumyndir, ásamt lérefti og ýmsu tilfallandi. Verkin hafa sláandi samsvörun þegar að er gáð.

Helgi útskrifaðist úr *MHÍ* 1970 og hélt að því búnu til *Gautaborgar* þar sem hann nam höggmyndagerð fram til '76. Hann hefur haldið fjórar einkasýningar hér heima, síðast á bronsverkum í *Listmunahúsinu* í febrúar '84. Hann hefur verið að ferðast með þau um Þýskaland á síðustu mánuðum og sýndi þau síðast á norrænum menningarvikum í *Düsseldorf*.


Málmurinn hefur alltaf staðið honum næst í listsköpuninni, en nú bregður svo við að hann heggur í tré. Hann segir nauðsynlegt að hvíla sig á járninu öðru hvoru, sérstaklega þegar skipt er um umhverfi. Í Finnlandi hafi vitaskuld verið nærtækt að móta tré upp á nýtt. Helgi hefur einnig breytt um stíl að því leyti að hann er ekki eins fígúratívur og áður. Afstraktsjónin er núna augljós.

Sigurður Örlygsson hefur breytt um vinnubrögð sem líka hafa breytt stílnum. Hann segist áður hafa teiknað fletina á pappír, stækkað þá upp, varpað þeim á léreft og þá loksins málað inn í þá eins og um litabók væri að ræða. Hann sé hinsvegar búinn að týna stækkaranum sínum, máli núna beint á strigann eins og hugurinn er stemmdur þá stundina. Þetta sé algjört ævintýri á við fyrri vinnubrögð. Frjálsræðið meira, verkin margslungnari.

Hann útskrifaðist úr MHÍ ári eftir Helga, vorið 1971 og lenti þá um haustið á *Amager*, hvaðan hann hélt inn til *Kaupmannahafnar* og innritaðist í *Konunglega fagurlistaskólann*. Veturinn '74 til '75 nam hann svo við *Art Students League of New York*. Sigurður hefur verið búsettur heima á Íslandi síðan, þar sem hann hefur haldið um það bil tíu einkasýningar, síðast í *Ásmundarsal* fyrir hálfu þriðja ári.

Sýningar Helga og Sigurðar verða opnaðar klukkan tvö á laugardag. Þeir senda út boðskortin í sameiningu, voru einmitt að fara að sleikja frímerkin saman þegar blaðamaður yfirgaf þá eftir stutt innlit á Kjarvalsstaði í vikunni.

-SER.




Helgi aðstoðar Sigurð við uppsetningu á einu myndverkanna...




... og Sigurður hjálpar Helga að koma fyrir einni höggmyndinni. Smartmynd.

SAGA eldsumbrota á *Íslandi* hefur verið skráð af *Ara Trausta Guðmundssyni* jarðfræðingi. Íslandseldar nefnist bókin og hefur verið í vinnslu um fjögurra ára skeið. Margir okkar fremstu vísindamanna hafa komið við sögu við gerð verksins, sem er ríkulega myndskreytt litmyndum og teikningum til útskýringa. *Vaka-Helgafell* gefur út núna í nóvember.

UPPREISN *Ragnars Arnalds* vestur á *Ísafirði* getur ekki einasta að líta á sviði þessa dagana, því verkið er komið á bókfell í umsjá *Máls og menningar*. Forlagið hefur undanfarin misseri gert vel í útgáfu á íslenskum leikverkum, sem margt lengi hefur ekki verið sinnt af bókaútgefendum hérlendis.



ÞÝSK-ÍSLENSKA kvikmyndin *Svart og sykurlaust* eftir *Lutz Konermann* verður tekin til endursýningar í *Regnboganum* frá fimmtudegi til sunnudags, en myndin var frumsýnd hérlendis í fyrra. Það eintak sem nú verður sýnt er styttra en upprunalega ræman og er það til mikilla bóta finnst þeim sem hafa samanburðinn. Þetta er einkar hugljúf svart-hvít saga af íslenskum leikflokki sem fer í sýningarferð til *Ítalíu*. Leikur myndarinnar er mjög góður og kvikmyndatakan snjöll enda fékk myndin til dæmis verðlaun fyrir bestu kvikmyndatöku á hátíðinni í *Ludenz* í *Austurríki*. Þá var myndin silfruð á hátíðinni í *Zaarbrucken* í *Þýskalandi* og var valin af Íslands hálfu til sýningar á evrópsku kvikmyndahátíðinni í *Rimini* í haust. Meðal leikenda í myndinni eru *Edda Heiðrún Backman, Guðjón Pedersen og* Konermann.



VIÐ *Ægissíðuna* í bakgarði tengdaforeldra sinna, nánast í rabarbarabeðinu, kom *Egill Eðvarðsson* sér upp lítilli vinnustofu fyrir allnokkrum mánuðum. Þar hefur hann haldið til í frítíma sínum frá leikstjórn og auglýsingagerð — og undirbúið myndlistarsýningu í *Galleri Gangskör*. Hún opnar á laugardaginn. Myndefnið er unnið með blandaðri tækni, m.a. úrklippum úr blöðum og tímaritum. Verkin á sýningunni eru alls fimmtán, flest hver mjög persónuleg, segja þeir sem séð hafa. Þetta er þriðja einkasýning Egils sem sýndi fyrst í Sólon Íslandus fyrir mörgum árum.

LEIKLIST

eftir Steinþór Ólafsson



Langur vegur til Mekka og spennulaus

Leikfélag Reykjavíkur:
Vegurinn til Mekka eftir Athol Fugard.
Þýðandi: Árni Ibsen.
Leikstjóri: Hallmar Sigurðsson.
Leikarar: Sigríður Hagalín, Guðrún S. Gísladóttir og Jón Sigurbjörnsson.

Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi „Vegurinn til Mekka" 9. nóv. síðastliðinn. Leikritið fjallar um einmana konu, sem býr í þorpi 1200 km frá Höfðaborg. Eftir að hún varð ekkja fór hún að fást við að gera myndastyttur, þorpsbúum til mikillar armæðu og hugarangurs. Þorpsbúar, með prestinn Maríus Byleveld í broddi fylkingar, reyna að fá ekkjuna til að samþykkja að flytjast á elliheimili.

Leiksýningin byrjar þegar Elsa, ung kennslukona frá Höfðaborg, kemur til ekkjunnar, Helen. Fyrir leikhlé flétta konurnar sig inn í sálarlíf hvor annarrar. Fyrri hlutanum lýkur með innkomu prestsins. Eftir leikhlé reynir presturinn að sannfæra Helen um ágæti þess að fara á elliheimili, samtímis sem hann er að verja lífsviðhorf og skoðanir sínar, gegn ögrandi ásökunum kennslukonunnar. Að lokum ákveður Helen að fara ekki á elliheimilið.

Leikritið fjallar í raun um hugtakið „frelsi". Táknmál leikritsins er skýrt. Helen talar um tvennt mismunandi ástand hugans. Annars vegar myrkrið og hyldýpið og hins vegar ljósið og öryggið. Hún óttast myrkrið og öryggisleysið. Sem lítil stúlka óttaðist hún mest þegar mamma kom og slökkti á kertinu. Í leikritinu hjálpa kertin lítt gegn myrkri sálarlífsins. Hún ferðast í huganum til Mekka, með því að gera myndastyttur. Hún lítur í austur, þar sem dagur rennur. Hún hittir vitringana, sem fylgdu skini stjörnu Frelsarans. Hún gerði einnig uglu, tákn vísdómsins og páfugl, er táknar fegurð og skraut. Hafmeyju er táknar hina kvenlegu fegurð og mýkt. Helen fann ljósið og kannski frelsið. Eða var hún hræddust þegar hún var frjáls?

Elsa leitar líka að frelsi. En fylgifiskur frelsisins er öryggisleysið, því engum er að treysta. Í leit sinni að frelsi hefur Elsa tapað sálarró sinni og er óskaplega æst og taugaveikluð. Presturinn er eins og klettur. Hann efast ekki um skoðanir sínar og viðhorf. Efinn lætur hann að mestu í friði. Hann er ef til vill fangi ríkjandi skoðana og viðhorfa. Presturinn skilur ekki hvað Mekka Helenu er, þetta musteri frelsisins. Hann sér ekki ljósið fyrr en í lokin í andliti Helenu.

Andstæðurnar í leiksýningunni eru Helena og Elsa og svo presturinn. Reynt er að tefla saman ró Helenu og taugaveiklun Elsu. Þegar það kemur í ljós að Helen er líka hrædd og óörugg eins og Elsa, og að Elsa er sterk á sinn rökræna hátt og vegna þekkingar sinnar, þá upphefja þær spennuna sem er á milli þeirra, m.ö.o. spennan á milli kvennanna hverfur. Fyrri hluti leiksýningarinnar er því ákaflega langdreginn, jafnvel svo að áhorfendur áttu fullt í fangi með að halda sér vakandi. Í fáum orðum, andstæðurnar eru of litlar, átökin of lítil.

Guðrún S. Gísladóttir, sem fer með hlutverk Elsu, leikur hana eins og hún væri unglingur á gelgjuskeiði, þrjósk og mótþróagjörn. Guðrún er alltof ör í hlutverki Elsu. Gaman væri að sjá einhverja aðra leikkonu túlka þessa taugaveikluðu konu.

Eftir leikhlé var miklu meiri spenna í leiknum, enda tókust þar á ólík öfl. Annars vegar presturinn, tákn yfirstéttarinnar, íhaldssemi og rótgróinna viðhorfa. Hins vegar lágstéttarkonan, sem er að leita að hinu andlega frelsi, ljósi lífsins. Miðstéttarkonan Elsa, ögrar augljóslega yfirstéttinni, með kunnáttu sinni og menntun. Einnig með því að hvetja Helen til að taka sjálfstæða ákvörðun, og gera þannig á vissan hátt uppreisn gegn prestinum.

Jón Sigurbjörnsson túlkar prestinn af einstakri alúð. Jón hleypir þeim krafti og spennu í leiksýninguna, sem vantaði í fyrri hlutann. Sigríður Hagalín leikur Helen af mikilli snilld. Það hefði átt að draga skýrari línu milli þessara kvenna, þ.e. að draga það fram sem skilur þær að, í stað þess að leggja áherslu á það sem þær eiga sameiginlegt. Sviðsmyndin er ofhlaðin og hefði átt að vera látlausari. Sviðsmyndin stal oft athyglinni frá því sem gerðist á sviðinu. Leiksýningin er mjög áhugaverð, þótt hún sé ekki gallalaus eins og fram hefur komið. Helstu hnökrar sýningarinnar eru alltof langdregin byrjun og algjört spennuleysi. Einnig er ofleikur Guðrúnar þreytandi. Sviðsmyndin er ofhlaðin og því ekki sannfærandi. Styrkur leiksýningarinnar er boðskapurinn og leikur þeirra Jóns og Sigríðar. Spurning leikritsins um frelsi á erindi til okkar í dag. Leikritið vekur áhorfandann til umhugsunar og eftirþanka um FRELSI.